

22.2. Lífeyrisþegar, sem áttu betri rétt samkvæmt eldri reglugerðinni, skulu halda þeim rétti.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þann 1. júní 1995 skulu tveir nýir fulltrúar taka sæti í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna í samræmi við ákvæði um fjölgun og þá að fengnum viðbótartilnefningum skv. mgr. 4.1.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 8. febrúar 1996.

F. h. r.

Áslaug Guðjónsdóttir.

Hermann Jónasson.

21. febrúar 1996

AUGLÝSING

Nr. 142

um umferð á Selfossi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Selfoss hefur verið ákveðið:

Að Hörðuvellir og Fagurgerði njóti aðalbrautarréttar gagnvart Grænuvöllum á Selfossi.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Lögreglustjórinn á Selfossi, 21. febrúar 1996.

Karl Gauti Hjaltason ftr.

22. febrúar 1996

REGLUGERÐ

Nr. 143

**um breytingu á reglugerð nr. 335, 9. júní 1995
um loðnuveiðar 1995/1996.**

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Á loðnuvertíðinni 1995/1996, sbr. 1. gr., er íslenskum veiðiskipum, sem heimild hafa til loðnuveiða, heimilt að veiða samtals 1.107.760 lestir af loðnu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. febrúar 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.